

Nr. 119 / 12 Hákon EA 148***Skipverji slasast í lest***

Skipaskr.nr. 2407
 Smíðaður: Stál, Talacahuano Chile, 2001
 Stærð: 1553,6 brl. 3003 bt.
 Mesta lengd: 76,2 m Skráð lengd: 65,95 m
 Breidd: 14,4 m Dýpt: 9,6 m
 Vél: MaK, 5400 kW, 2001
 Fjöldi skipverja: 24



Hákon©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. apríl 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 8. nóvember 2012 var Hákon EA 148 að síldveiðum með hringnót á Grundarfirði. Veður: A 2-3 m/sek.

Einn skipverja var í lest við að taka á móti kössum með frosinni síld af færiband og stafla þeim í hana. Hann hugðist fara á milli lesta um op á lestarþilinu en keflabraut lá í gegnum opið og var brautin tengd við færiband. Hann tók kassana sem voru á keflabrautinni og raðaði þeim undir hana áður en hann fór upp á bandið til að skríða yfir í aftari lestina. Þegar fæturnir komu á enda bandsins fóru þær á milli þess og keflabrautarinnar. Hann gat ekki með nokkru móti losað fæturnar en náði til rafmagnstengingar bandsins og stöðvaði það með því að rífa hana úr sambandi.



Samtenging færibandsins og keflabrautarinnar þar sem fætur slasaða festust á milli.

Þegar skipverjar á vinnsluþilfari urðu varir við að kassarnir hættu að fara inn á færibaldið í lestinni fóru þeir að gæta að orsökum og var slasaði þá losaður úr klemmuni.

Farið var að bryggju strax eftir að nótin var komin um borð og slasaða komið undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram:

- að keflabrautin lá úr annarri lest (*sjá mynd*) og var fest við rafdrifið færiband sem hékk í festingum innan við lestarþilið en það var í gangi;
- að tveir rafmótorar snúa sitt hvoru endakefli færibandsins. Þeir voru tengdir með lausum rafmagnstengingum og náði slasaði til þess sem hékk fyrir ofan hann og sleit úr sambandi svo rafmagn til mótorsins var rofið en hinn mótörinn sló út vegna yfirálags;
- að fiskikassarnir koma niður í lest á lyftu, þrír í senn, og fóru inn á færibandið. Þegar bandið var stopp og tók ekki við kössum stöðvaðist lyftan og urðu skipverjar þá strax varir við það. Þegar eðlilegt flæði var í gangi héldu kassarnir áfram eftir bandinu að stöðvunarbúnaði sem skipverjar setja á bandið þar sem þeir vilja taka kassana af því;
- að slasaði var í öryggisstígvélum með stáltá en í þannig stígvélum hafði hann ekki verið í áður við þessa vinnu;
- að slasaði sagði að þegar stáltáin fór niður á milli keflanna hafi fæturnir verið algjörlega fastir;
- að leiðin sem skipverjinn fór á milli lestanna er eina leiðin án þess að fara upp úr lestinni og því alltaf notuð;
- að skipstjóri sagði að það hafi ekki verið gerðar neinar kröfur um hvernig farið væri þessa leið á milli lesta hvorki skriflega né munnlega. Öryggisnefnd skipsins hafi ekki tekið á þessu atriði í áhættugreiningu sinni en eftir slysið hafi hún gert það og sett fram þá reglu að menn skuli aldrei fara þessa leið nema að stöðva fyrst færiböndin. Þessi krafa hafi verið sett fram munnlega og skriflega og liggja frammi skipverjum til áréttingar.



Nefndarálit:

Orsök slyssins eru varhugaverðar aðstæður til að fara á milli lesta og sérstaklega þegar færibönd eru höfð í gangi.